



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 25. september 2017

Ákvörðun nr. 33/2017

Kaup Vinnslustöðvarinnar hf. á Útgerðarfélaginu Glófaxes ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst bréf þann 25. ágúst sl. þar sem tilkynnt var um kaup Vinnslustöðvarinnar hf. (VSV) á Útgerðarfélaginu Glófaxes ehf. (Glófaxi). Með tilkynningu um samrunann fylgdi svonefnd styttri samrunaskrá með upplýsingum um hann, sbr. 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka II við þær (styttri tilkynning). Samkeppniseftirlitið féllst á að nægilegt hafi verið að skila inn styttri samrunaskrá þar sem markaðshlutdeild samrunaaðila á skilgreindum mörkuðum er undir 20%, sbr. b-lið 17. gr. a samkeppnislaga.

Við rannsókn málsins hefur Samkeppniseftirlitið aflað upplýsinga frá Fiskistofu um aflahlutdeild samrunaaðila. Þá hafði eftirlitið einnig til hliðsjónar gögn sem aflað hefur verið vegna meðferðar eldri mála er markað þessa máls varða. Með bréfi dags. 30. ágúst sl. tilkynnti eftirlitið samrunaaðilum að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi og að frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga hafi því byrjað að líða frá og með 28. ágúst sl.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yferráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í samrunaskrá segir að VSV kaupi allt hlutfé í Glófaxes.

Í samrunaskrá segir að Vinnslustöðin sé útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki með fjölbreytilegan rekstur. Segir að félagið geri út sjö skip til humar-, uppsjávar-, tog- og netaveiða. Þá starfræki fyrirtækið saltfiskverkun, humarvinnslu, botnfiskvinnslu og uppsjávarvinnslu. Þá á fyrirtækið og rekur fiskimjölsverksmiðju og frystigeymslu. Einnig segir að VSV annist sjálf markaðs- og solumál vegna afurða sinna. Þá er tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess að starfrækja fiskvinnslu og útgerð fiskiskipa á sem fjölbreytilegastan hátt til endursölu á hagkvæmstu mörkuðum, innlendum sem erlendum. Þá séu einnig kaup á hvers konar sjávarafli til vinnslu og endursölu meðal hlutverka fyrirtækisins. Stærstu hluthafar félagsins eru annars vegar Seil ehf. með 41% eignarhlut og hins vegar Brim hf. með 33% eignarhluta.¹ Aðrir hluthafar fyrirtækisins

¹ Brim hf. er á meðal stærstu útgerðarfyrirtækja landsins, hlutdeild fyrirtækisins í heildaraflamarki er 3,87%. Jafnvel þó að fyrirtækið væri talið hafa yferráð yfir VSV myndi það ekki breyta niðurstöðu málsins. Því er ekki



eiga mun minni eignarhluti, en Lífeyrissjóður Vestmannaeyja er þar stærstur með um 5% hlut.

VSV á eignarhluti í ýmsum félögum en þar á meðal er About Fish ehf. sem sérhæfir sig í sölu fiskafurða. Þá á fyrirtækið 100% eignarhlut í Hafnareyri ehf. Undir því félagi eru Skipaafgreiðsla Vestmannaeyja, Eyjaís, frystigeymsla VSV, saltfiskgeymslan Stakkhús og verkstæði iðnaðarmanna. VSV á einnig 48% hlut í Huginn ehf. sem á og rekur eitt uppsjávarfrystiskip, Huginn VE-55. Þá á VSV nær allt hlutafé í Uppsjávarfiski ehf. og Kap ehf. en þau félög halda utan um söluskrifstofu VSV í Rússlandi. VSV á fjórðungshlut í Löngu ehf. sem verkar þurrkaðan fisk til sölu á markaði erlendis. VSV á þriðjungshlut í Rannsóknarþjónustu Vestmannaeyja ehf. sem er alhliða rannsóknarstofa sem býður uppá prófanir, ráðgjöf og þjónustu við matvælafyrirtæki og fóðurvöruframleiðendur. VSV á 75% hlut í Marhólmum sem fullvinnur afurðir úr loðnuhrognum og síld. Síðan eiga Marhólmur söluskrifstofu í Finnlandi. Að lokum á VSV 41,9% hlut í Lifró ehf., sem á 49% hlut í Idunn Seafood, sem rekur niðursuðuverksmiðju á þorsklifur í Vestmannaeyjum.

Glófaxi er útgerðarfélag sem á og rekur eitt netaskip sem gerir út á bolfiskveiðar en engin fiskvinnsla fer fram hjá fyrirtækinu. Samkvæmt samþykktum félagsins er tilgangur þess atvinnustarfsemi, útgerð, fjárfestingarstarfsemi, lánastarfsemi, rekstur fasteigna og skyld starfsemi. Hluthafar félagsins eru einstaklingar og fyrirtækið á engin dótturfélög en eina aðkoma hluthafanna að öðru hlutafélagi er 4,5% eignarhlutur í Lifró ehf., sem á 49% hlutafjár í Idunn Seafood en VSV er þar einnig hluthafi.

Líkt og fram hefur komið eru VSV og Glófaxi bæði útgerðarfyrirtæki með aðsetur í Vestmannaeyjum. VSV er eitt af stærri útgerðarfélögum landsins en fram kemur í samrunaskrá að aflaheimildir samrunaaðila séu 4,69% af heildaraflaheimildum í íslenski fiskveiðilögsögu, mælt í þorskígildistönnum. Aflaheimildir Glófaxes eru hins vegar einungis 0,2%.

II.

Niðurstaða

Í 17. gr. c. samkeppnislaga kemur fram að telji Samkeppniseftirlitið að samruni hindri virka samkeppni vegna myndunar markaðsráðandi stöðu eins eða fleiri fyrirtækja eða slík staða styrkist, eða verði til þess að samkeppni á markaði raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, geti stofnunin ógilt samruna. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgöngupjónustu. Hagfræðileg rök hníga að því að greina verði viðkomandi markað út frá a.m.k. tveimur sjónarhornum, þ.e. annars vegar þurfi að bera kennsl á vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar afmarka landfræðilega markaðinn. Í sumum tilvikum er nauðsynlegt að skilgreina markaðinn frá fleiri hliðum.

Í fyrri málum hefur Samkeppniseftirlitið skilgreint markaði útgerðarféлага í undirmarkaði. Þannig kann t.a.m. veiði og vinnsla á bolfiski að tilheyra sérstökum markaði í skilningi samkeppnislaga og veiðar og vinnsla á uppsjávarfiski öðrum markaði. Niðurstaða þessa máls myndi þó standa óhögguð jafnvel þó þrengsta mögulega markaðsskilgreining yrði

tilefni til þess að taka afstöðu til þess hvort að slík yfirræð séu fyrir hendi eða ekki. Samkvæmt gagnagrunni Creditinfo er Seil ehf. hins vegar í eigu ýmissa fyrirtækja og einstaklinga, þar eru tveir einstaklingar með samanlagt um 65% eignarhlut og aðrir minna.



lögð til grundvallar. Þau viðskipti sem hér um ræðir varða yfirtöku VSV á Glófaxa. Í því skyni að varpa ljósi á umsvif útgerðarfyrirtækja hefur úthlutað aflamark til útgerðarfélaga mikla þýðingu en líkt og áður greinir þá er VSV eitt stærsta útgerðarfyrirtæki landsins. Hlutdeild fyrirtækisins í helstu nytjastofnum landsins er á bilinu 3-8%.² Hlutdeild Glófaxa er hins vegar mun lægri eða undir 0,2%.³ Af þessum gögnum virtum er ljóst að hlutdeild Glófaxa er óveruleg.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum málsins telur Samkeppniseftirlitið að ekki séu forsendur til að gera athugasemdir við framangreindan samruna.

IV. Ákvörðunarorð

„Kaup Vinnslustöðvarinnar hf. á öllu hlutafé í Útgerðarfélaginu Glófaxa ehf. felur í sér samruna í skilningi 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til þess að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson

² Hlutdeild fyrirtækisins í Þorski er 3,21%, Ýsu 4,73%, Ufsa 6,72%, Karfa 7,09% og Djúpkarfa 8,19%.

³ Hæsta hlutdeild fyrirtækisins þegar litið er til helstu nytjastofna er í aflamarki Þorsks eða 0,22%. Upplýsingar um hlutdeild fyrirtækjanna eru teknar af www.sax.is þann 6. september 2017.